



Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 4. apríl 2011 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning formanns og varaformanns

Tillaga um að Adolf H. Berndsen verði formaður var samþykkt og að Gunnar Sveinsson verði varaformaður.

2. Fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun 2011. Hafnarnefnd yfirfór fyrirbyggjandi áætlun. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur hafnarinnar verði 36,9 milljónir en gjöld 23,4 milljónir. Hafnarnefnd gerði ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi áætlun.

3. Helstu niðurstöður rekstrar 2010

Fyrir fundinum lá samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á árinu 2010. Hafnarnefnd yfirfór og ræddi niðurstöðurnar. Samantektin var ekki afstemmd og því ekki endanleg niðurstaða en gefur vísbendingu um að nokkur rekstarafgangur verði af höfninni.

4. Grjótvörn á Útgarð.

Sveitarstjóri greindi frá því að samkvæmt fjárlögum sé gert ráð fyrir kostnaðarhlutdeild ríkisins í endurbyggingu grjótvornar á Útgarði. Samkvæmt samgönguáætlun er gert ráð fyrir um 25 milljónir króna í grjótvörn á Skagaströnd og hlutdeild hafnarinnar í því 40%. Fyrir fundinum lá uppdráttur sem sýnir áætlaða uppbyggingu grjótvornar við garðinn. Samþykkt að láta hana og bjóða út verkið.

5. Hafnarlóð 9, rif á síldarþró

Sveitarstjóri greindi frá því að Fisk Seafood hyggist rífa síldarþræ við Hafnarlóð 9 Mikil umræða varð um breytingar á hafnarsvæðinu en niðurstaða var að fela sveitarstjóra að vinna áfram með málið.

6. Gjaldskrá hafnarinnar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á gjaldskrá hafnarinnar. Hafnarnefnd ræddi tillöguna og gerði á henni nokkrar breytingar en hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

7. Önnur mál.

a) Hafnarhúsið leiga.

Hafnarnefnd samþykkti að Slavko Velemir geti tekið við leigu á þeim hluta sem trésmiðjan Hefill hefur haft á leigu.



HAFNARNEFND SKAGASTRANDARHAFNAR

- b) Rafmagn tengingar fyrir báta.
Jóhann benti á að gera þurfi endurbætur á rafmagnstenglum fyrir skip og báta sem liggja við Ásgarð, sömuleiðis þyrfti að fjölga tengimöguleikum við Skúffugarð.
- c) Innheimtumál.
Umræður urðu um innheimtumál hafnarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.20

Adolf H. Berndsen,	Árni Sigurðsson,
Sigríður Gestsdóttir,	Gunnar Sveinsson,
Jóhann Sigurjónsson,	Magnús B. Jónsson